

Coniunctio

Coniunctio (1994) was commissioned jointly by the *Composers' Fund of the Icelandic National Broadcasting Service* and the *Society of Icelandic Composers* to mark its 50th anniversary (1995). The piece was revised in the summer of 1999.

The alchemists sometimes used the word "*coniunctio*" when opposite elements merged or when they tried to create one metal by melting two different metals together. In alchemists' treatises one can also read about triunity ("*coniunctio triptiva*"), and when the four elements were united it was called "*coniunctio tetraptiva*". Even though I don't know much about the alchemists I took the liberty of borrowing this word "coniunctio" and use it as a title for my work. In a musical composition there are usually two things going on at the same time and sometimes much more than that, but the important thing is to try to melt everything together in order to create an undivided whole.

Coniunctio

Coniunctio var samið árið 1994 að beiðni þáverandi stjórnar Tónskáldafélags Íslands og með tilstyrk Tónskáldasjóðs Ríkisútvarpsins í tilefni af 50 ára afmæli Tónskáldafélagsins (1995). Ég endurskoðaði verkið nokkuð sumarið 1999.

Gullgerðarmenn miðalda töluðu um "coniunctio" þegar andstæður runnu saman eða þegar reynt var að bræða saman einn málm úr tveimur. Í ritum þeirra er einnig getið um þrjúeiningu, "coniunctio triptiva", og þegar frumefnin fjögur sameinuðust var það nefnt "coniunctio tetraptiva". Þótt ég viti ekki mikið um gullgerðarmenn og þeirra viðfangsefni leyfði ég mér að taka að láni þetta orð, "coniunctio" og nota sem heiti á verki mínu. Í tónverki er yfirleitt a. m. k. tvennt í gangi í einu og stundum miklu fleira, en það sem máli skiptir er að reyna að bræða efniviðinn saman í eina heild.